

9. ágúst 2011

Fundur nr. 58

Mættir: Björn Sæbjörnsson , Inga Sigrún Atladóttir (framkvæmdarstjóri), Kristján Árnason, Heiða , Sandra Helgadóttir boðaði forföll.

1. Marteinn Ægisson kemur á fund stjórnar

Rætt við Martein um að þjálfa næsta vetur.

2. Farið yfir fundargerð síðasta fundar.

Framkvæmdarstjóra falið að senda nótu á sveitarfélagið fyrir leigu á sláttuvél.

Framkvæmdarstjóra falið að ræða við bæjarstjóra um að kaupa eignir þær eignir UMFÞ sem rætt hafa verið um og leigja það sem hefur verið í opinberum notum síðustu ár.

Gjaldkera og framkvæmdastjóra gert að klára fjárhagsáætlun á föstudaginn

Framkvæmdarstjóra falið að klára að útfæra eineltisáætlun eins og hún getur birst í íþróttastarfi og birta hana á heimasíðu.

3. Fjölskyldudagurinn

Framkvæmdarstjóri og ritari höfðu farið á fund með frístunda og menningarfulltrúa til að undirbúa fjölskyldudaginn.

Framkvæmdastjóra falið að panta vörur, verðmerkja þær og búa til auglýsinga til að hengja á básinn. Einnig þarf að raða fólki niður til að vinna í sjoppunni, Heiða getur haft yfirumsjón með að ganga frá í lok dags.

Framkvæmdarstjóri þarf að fá posa og athuga með gaskút fyrir blöðrur. Skiptimynt. Kort í bláa lónið.

Stjórn UMFÞ beinir þeim ábendingum til frístunda og menningarfulltrúa að huga að samræmi í dagsetningum á fjölskyldudeginum í auglýsingum.

4. Uppskeruhátíð UMFÞ 8. September.

Framkvæmdarstjóra falið að fá Tjarnarsalinn fyrir uppskeruhátíðina. Það þarf að bjóða uppá kökur og hafa bæklinginn til búinn.

Framkvæmdarstjóra falið að skila bæklingi til yfirlstrar á stjórnarfundum 23. Ágúst.

Á uppskeruhátíðinni verður hægt að skrá börnin en aðalskráning fer fram að loknu þrífutímabili. Einnig verður vetrarstarfið auglýst og opnuð nýj heimasíða.

5. Ráðning á þjálfurum

Búið er að ganga frá öllum ráðningum nema í íþróttaskólann, framkvæmdarstjóra falið að ræða við sundþjálfarann að taka að sér íþróttaskólann.

Framkvæmdarstjóra falið að ganga frá þjálfarasamningum og senda á þjálfara. Þeir verða boðaðir á fund þriðjudaginn 23. ágúst til að skrifa undir samninga.

Framkvæmdarstjóra falið að tala við Söndru og biðja hana að koma með myndavél til að taka mynd af þjálfurunum fyrir bæklinginn.

6. Æfingagjöld næsta vetur

Ákveðið var að æfingagjöld væru 38.000 næsta vetur fyrir allar íþróttir sem einstaklingur hefur áhuga á að stunda hjá þrótti. Systkinaafsláttur er 50% fyrir 1. Barn og 100% fyrir annað. Galli kostar 7500 kr. Hægt er að dreifa greiðslunum í 10 skipti (okt – júlí).

Ekki fleira rætt og fundi slitið klukkan 21:00